2. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst aðeins að athuga, að fylgiskjölin við gjaldlið I. 1 og 2, vanta, og ber að senda forseta ráðsins þessi fylgiskjöl. Reikningurinn var samþykktur að öðru leyti. 86
3. Með hliðsjón af framlögðum athugasemdum forseta og svari sýslumanns, var reikningurinn úr Eyjafjarðarsýslu úrskurðaður á þessa leið:

   Reikningshaldara ber að fullnægja athugasemd endurskoðanda sýslunefndarinnar, semsje taka uppí reikninginn bæði tekju- og gjalda megin óborgað sýsluvegagjald úr Þóroddstaðahreppi fyrir 1886, 71 kr. 39 a.; sýsluvegagjald úr Arnarneshreppi 1886, sem borgað er á árinu 1887, ber að tilfæra tvisvar tekjumegin og einusinni gjaldamegin, og skyldi reikningshaldari semja reikninginn af nýju og senda hann svo til forseta amtsráðsins.

   Amtsráðið býst við, að sýslunefndin hafi alla viðleitni við, að innheimta hin útistandandi sýsluvegagjöld úr Þóroddstaðahreppi fyrir 1886 og 1887.
4. Við reikninginn úr Suðurþingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.
5. Við reikninginn úr Norðurþingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.

Reikningarnir úr Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu voru eigi komnir, og fól amtsráðið forseta sínum að úrskurða þá síðar.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var því fundi slitið.

Akureyri, 23. dag júlímán. 1888.

J. Havsteen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um landgöngur frakkneskra fiskimanna á afskekktum stöðum á Íslandi. — Með skýrskotun til brjefs míns, 18. apríl þ. á., læt jeg eigi hjá líða að senda yður, herra landshöfðingi, meðfylgjandi eptirrit af brjefi frá frakknesku stjórninni, sem utanríkisráðgjafinn hefir hingað sent, og sjest það af brjefi þessu, að sjómálastjórunum í Cherbourg og Brest hefur verið fyrirlagt, að brýna fyrir skipshöfnum á frakkneskum fiskiskipum, er stunda fiskiveiðar við Ísland, að þær megi eigi, nema í nauðir reki, ganga á land á Íslandi á afskekktum stöðum[1]. 87 23.ágúst.

1) Tilefni til brjefs þessa var það, að í apríl 1887 láu nokkur frakknesk fiskiskip fyrir atkerum í norðanátt uppi undir landi í Selvogi, og gengu skipverjar af þeim á land og áttu ýms viðskipti við landsmenn, og af einu skipinu var lík flutt í land og jarðað við Strandarkirkju af prestinum til Selvogsþinga. Landshöfðingi kærði þetta brot á sóttvarnarlögunum fyrir ráðgjafanum, en hann skrifaði aptur um það áleiðis til stjórnarinnar í Frakklandi og þannig er til komið brjef hennar, sem nefnt er að ofan í ráðgjafabrjefinu, og sem er svar upp á kæru landshöfðingjans. Það brjef er stílað til sendiherra Danakonungs í Parísarborg, og hljóðar svo í íslenzkri þýðingu:

Herra greifi! Þjer hafið með brjefi, dags. 16. maí síðastliðinn, tjáð mjer, að landstjórn Íslands hafi skýrt stjórn yðar frá því, að nokkrar frakkneskar skipshafnir hafi síðastliðið ár brotið gegn sóttvarnarlögunum á Íslandi, með því að hafa samgöngur við landsmenn þar, á stöðum, þar sem engin höfn er, án þess að sýna áður skipsskjöl sín. Hafið þjer jafnframt vakið athygli mína á því, hvílík hætta gæti staðið af slíkum leyni-landgöngum fyrir heilbrigði almennings, og skýrt mjer frá, að danska stjórnin mundi meta það mikils, ef frakkneskum fiskimönnum væri bannað, nema í ýtrustu nauðsyn, að ganga á land á Íslandi á afskekktum stöðum.

Fyrir því vil jeg virðingarfyllst tjá yður, að sjóliðs- og nýlendnaráðgjafinn, sem jeg hef til-

88 31.ágúst. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um embættiseið presta og prófasta.** — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans eptir að hafa meðtekið þóknanleg brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 20. marz og 29. maí þ. á., hefur það þóknast hans hátign konunginum 20. þ. m. allramildilegast að fallast á, að í stað hinna latnesku embættiseiða, er prófastar og prestar í þjóðkirkjunni hingað til hafa unnið, komi eptirleiðis neðanrituð eiðspjöll, á íslenzku, svo hljóðandi:

1, fyrir prófasta:

Jeg N. N. sem er skipaður hjeraðsprófastur í . . . . . prófastsdæmi, lofa því í augsýn allsvitanda guðs, að kappkosta alvarlega að gegna þeim skyldum, sem þetta embætti mitt leggur mjer á herðar. Þess vegna heiti jeg því:

að vera biskupi mínum trúr samvinnari;

að halda uppi hinum hreina lærdómi eins og hann er kenndur í heilagri ritningu og trúarjátningabókum vorrar kirkju og efla af fremsta megni kristilega trú og siðgæði;

að sjá um, að kirkjulögin sjeu haldin;

að vera fús á að ráða og leiðbeina þeim, sem eru undir minni umsjá, vanda um við þá, ef þeir gjöra sig seka í einhverju, sem er gagnstætt embættisskyldu þeirra, og, ef þess þarf, skýra biskupinum frá því;

að vísitjera jafnaðarlega kirkjur og söfnuði í mínu prófastsdæmi, grennslast eptir samkomulagi milli sóknarpresta og safnaðanna, spyrja börn og annast um, að þeim sje rækilega kenndur hinn kristilegi barnalærdómur og veitt önnur lögboðin tilsögn;

að annast, svo mikið sem í mínu valdi stendur, að eignir og ítök kirkna í mínu prófastsdæmi gangi ekki úr sjer fyrir vanhirðing;

að ganga á undan stjettarbræðrum mínum með góðu eptirdæmi til orða og verka.

Með reikningsskapardaginn fyrir augum heiti jeg því að halda þetta allt samvizkusamlega eptir því sem Guð vill veita mjer náð til þess«.

2. fyrir presta:

»Jeg N. N. sem er löglega skipaður prestur í . . . . . og veit það fyrir samvizku minni að jeg hef ekki haft óleyfileg brögð í frammi til að komast í þetta embætti, lofa því í augsýn allsvitanda Guðs:

að kappkosta að boða guðsorð hreint og óblandið eins og það er kennt í heilagri ritningu og trúarjátningabókum vorrar kirkju;

að hafa hin helgu sakramenti um hönd með djúpri lotningu eins og þau eru skipuð af Kristi, og eins vinna hinar aðrar helgu athafnir samkvæmt því, sem fyrirskipað er í þjóðkirkjunni;

að sporna eptir mætti við rangri meðferð hinna helgu náðarmeðala og leitast við að hrekja þá kenningu, sem er gagnstæð trúarjátningu þjóðkirkjunnar;

að kostgæfa að veita unglingum kristilega kennslu og tilsögn;

---

kynnt brjef yðar, hefur skorað á sjómálastjórana (préfets maritimes) í Cherbourg og Brest að gefa út nákvæmar fyrirskipanir í nefnda átt, til hjeraðsstjóranna í umdæmum þeirra, þar sem skip eru gjörð út til fiskiveiða við Ísland. Það hefur um leið verið brýnt fyrir hjeraðsstjórum þessum, að ef fiskimenn brjóti íslenzk lög í þessu efni, megi þeir eiga von á refsingu fyrir það, en þeir hafi að eins fyrir eptirlátsemi ráðgjafans fyrir Ísland komist hjá slíkri refsingu hingað til.

Samkvæmt ósk yðar endursendi jeg yður hjer með fylgiskjölin með ofannefndu brjefi yðar.

Virðingarfyllst

(undirritað). *Goblet*“.